

Make 'n' Break – Compact (Reisa og leysa)

Innihald:

8 kubbar

30 spil

1 teningur

Markmið spilsins

Spilarar eiga að byggja eftir teikningum á spilunum, en þeir hafa takmarkaðan tíma til þess. Því betur sem þeir standa sig, þeim mun fleiri stig fá þeir.

Undirbúningur

Spilarar þurfa blað og blýant til að taka saman stigin.

Skrifið niður nöfnin á spilurunum og setjið í dálka.

Stokkið spilin og setjið í á hvolf á borðið.

Yngsti spilarinn byrjar leggur kubbana og spilabunkan á hvolf á borðið. Spilarinn á vinstri hönd er tímavörður.

Byrjað að byggja

Sá sem byrjar spilið segir : “Tilbúin – af stað”.

Spilarinn byrjar á því að snúa við efsta spilinu í stokknum og byrjar strax að byggja það sem er á myndinni.

Ef kubbarnir á myndinni eru gráir þarf spilarinn bara að reisa eins byggingu og er á myndinni, en litirnir skipta skipta ekki máli.

Ef myndin er hins vegar með mislitum kubbum verður byggingin að verða nákvæmlega eins og í sömu litum og á myndinni.

Ef byggingin er tilbúin áður en tíminn er útrunninn, snýr spilarinn næsta spili við og byrjar á þeirri næstu. Hann má nota alla kubbana aftur.

Byggingatími

Um leið og fyrsti spilarinn segir “af stað” þá kastar tímavörðurinn teningnum. Á teningnum eru tölurnar 1, 2 og 3 og síðan þrjár hliðar með engum tölum á.

Um leið og tímavörður kastar teningnum þá segir hann upphátt hvað kom upp á teninginn. Ef tímavörður fær aftur tölu í næsta kasti þá bætist sú tala við það sem á undan er og tímavörður segir upphátt hvað hann er kominn upp í. Ef ekkert kemur upp á teningnum þá er engu bætt við.

Til dæmis:

Spilari fær 2 á teninginn og segir “2”. Síðan fær spilari “3” og segir “5” (2+3). Síðan er næsta kast eyða og þá er aftur sagt “5”. Í næsta kasti þar á eftir kemur upp talann 1 og tímavörðurinn segir: “6” (2+3+1).

Um leið og tímavörður hefur fengið summuna 15 eða meira, þá segir hann “Stop”. Spilari þarf því að stöðva bygginguna strax.

Á meðan spilari er að byggja þurfa aðrir spilarar að fylgjast vel með að það sé farið eftir reglum.

Stigatalning

Það eru blá númer að spilapeningunum. Byggingameistarinn leggur saman tölurnar til að ákveða hver er sigurvegari. Aðeins fast stig fyrir þær byggingar sem eru fullkláraðar.

Skrifaðu hjá þér

Spilari á vinstri hönd er þá nýji byggingameistarinn og næsti spilari verður tímavörðurinn.

Lok spilsins

Eftir að hver spilari hefur gert 5 umferðir sem byggingameistari, er spilinu lokið.

Hvað fékk hver leikmaður mörg stig? Sá sem fékk flest stigin er sigurvegari.

Spilaafbrigði fyrir litlu byggingameistarana

Ef reynslumeiri spilarar spila við yngri leikmenn þá ættu yngstu spilararnir að hafa meiri tíma til að byggja.

Tímavörðurinn gefur yngri spilurunum 20 stig í staðinn fyrir 15.

GÓÐA SKEMMTUN